

AUGLÝSING

250

14. nóv.

um tilhögun á veitingu útflutningsleyfa fyrir gjafapökkum.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að frá og með 15. þ. m. skuli Innflutnings- og gjaldeyrisdeild Fjárhagsráðs annast í umboði þess veitingu útflutningsleyfa fyrir gjafapökkum og öðrum vörum, sem ekki eiga að greiðast í erlendum gjaldeyri, sbr. reglugerð nr. 109 og auglýsingu nr. 110 6. sept. 1948.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. nóvember 1950.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Yngvi Ólafsson.

SAMÞYKKT

251

14. nóv.

fyrir Ræktunarfélag Arnarneshrepps og Árskógshrepps.

I. KAFLI

Takmörk ræktunarfélagsins og markmið.

1. gr.

Búnaðarfélag Arnarneshrepps og Búnaðarfélag Árskógshrepps stofna með sér ræktunarfélag, er nefnist Ræktunarfélag Arnarneshrepps og Árskógshrepps. Félagssvæðið er Arnarneshreppur og Árskógshreppur í Eyjafirði.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að annast eftirfarandi verkefni á félagssvæðinu:

1. Að ræsa fram land, sem nytja á sem tún, garða, engi eða bithaga.
2. Að vinna land, er nytja á sem tún eða garða. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins.
3. Að slétta engi svo að það verði véltækt. Framkvæmdum skal á hverjum tíma haga eins og fyrir verður mælt eða samþykkt af héraðsráðunaut eða trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning og umsjón með framkvæmd verksins.

II. KAFLI

Skipun og verksvið stjórnar.

3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum þannig, að hvort búnaðarfélag kys 2 menn til tveggja ára og gengur sinn maður úr hvort ár, fyrst eftir hlutkesti. Fimmti maður í stjórninni skal kosinn á aðalfundi ræktunarfélagsins til tveggja ára og er hann oddamaður. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Varastjórn skal skipuð jafnmörgum mönnum, kosnum á sama hátt til jafnlangs tíma.